

M-41/2011. Álit 16. febrúar 2012.

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 16. febrúar 2012 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-41/2011.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 14. apríl 2011 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á sjónvarpi og váttryggingu þess hjá Y, hér eftir nefndur seljandi. Sjónvarpið bilaði og er ágreiningur milli málsaðila hvernig staðið skuli að tryggingabótum vegna bilunarinnar.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. hinn 22. júní 2011 var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Í samskiptum kærunefndarinnar við seljanda í desember 2011 þótti ljóst að bréf nefndarinnar barst seljanda ekki og var honum því að nýju gefið tækifæri til andsvara. Andsvör seljanda bárust hinn 16. desember 2011. Hinn 30. desember voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild hans til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna. Athugasemdir bárust ekki frá álitsbeiðanda.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Hinn 20. desember 2010 keypti álitsbeiðandi 42“ LCD sjónvarp af seljanda. Tækið var af gerðinni Philips og kostaði kr. 139.995. Við kaupin á sjónvarpinu keypti álitsbeiðandi einnig sérstaka viðbótartryggingu fyrir tækið hjá seljanda sem gildir í þrjú ár frá kaupum, en álitsbeiðandi greiddi kr. 14.999 fyrir trygginguna.

Þegar sjónvarpið var um þriggja mánaða gamalt bilaði það með þeim hætti að engin mynd birtist á skjánum. Tækið var þá sent í viðgerð til Z, sem er viðgerðarverkstæði fyrir seljanda. Eftir viðgerðina tók seljandi þá ákvörðun að tjónið fengist ekki bætt, þar sem ekki hafi verið um að ræða galla í skilningi kaupalaga.

Álitsbeiðandi fer fram á að tryggingin bæti tjónið, annað hvort með nýju tæki eða með því að greiða viðgerðarreikning. Álitsbeiðandi kveður viðgerðarmenn og seljanda staðhæfa að helst hafi vökvi yfir tækið og vilji fá að vita hvernig það hafi borið að. Álitsbeiðandi kannast ekki við að slíkt hafi hent. Álitsbeiðandi segist ekki hafa forsendur til að búa til frásögn um að helst hafi yfir tækið og þar sem engin slík frásögn sé til neiti tryggingarnar að bæta tjónið.

IV

Andsvör seljanda

Seljandi segir að eftir skoðun verkstæðis hafi komið í ljós rakaskemmdir í sjónvarpinu og að mikil tæring hafi átt sér stað í rafhlutum þess. Segir seljandi fullljóst að skemmdirnar hafi

ekki orðið til í umbúðum þar sem ekki hafi verið leitað til verkstæðis fyrr en þremur mánuðum síðar.

Seljandi segir álitsbeiðanda hafa ásamt sjónvarpinu keypt sérstaka viðbótartryggingu fyrir tækið. Um sé að ræða tryggingu sem seljandi sé endursöluaðili að en með milligöngu um trygginguna hér á landi fer Tryggingamiðlun Íslands. Seljandi segir að í skilmálum tryggingarinnar sé nánari grein gerð fyrir innihaldi hennar, til hvaða aðstæðna hún tekur og hvaða kröfur eru gerðar til að fá tjón bætt á grundvelli hennar. Meðal annars kemur þar fram að gefa þarf viðhlítandi skýringar á tjóni.

Í lok andmælabréfs síns segir seljandi:

„Hér er um töluvert gamalt mál að ræða og ræddi ég þetta mál við bæði viðgerðaraðila (Z) og Tryggingamiðlun Íslands (TMÍ) og þá kom í ljós að álitsbeiðandi hefði fengið umrætt tjón bætt frá sinni heimilistryggingu og vildi TMÍ koma til móts við álitsbeiðanda með því að greiða sjálfsábyrgðina sem viðskiptavinur hefur væntanlega verið rukkaður um frá þeim á sínum tíma þar sem þetta mál var á töluvert „gráu“ svæði og kannski full hart að neita um bætur að fullu. Til þess að klára það mál þarf álitsbeiðandi að hafa samband við A hjá TMÍ og gefa upp ákveðið tjónanúmer sem þetta mál fékk hjá þeim á sínum tíma. Að öðrum kosti tel ég þennan ágreining eiga heima á borði úrskurðarnefndar í váttryggingamálum þar sem augljóst má vera að ekki er um eiginlegan galla að ræða.“

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kærunefndina um álit á ágreiningnum.

Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur aðila heyrir undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa málinu frá.

Í málinu krefst álitsbeiðandi þess að tryggingin sem hann keypti með sjónvarpstækinu á sínum tíma bæti honum það tjón sem hlaust af biluninni. Kærunefndin telur sýnt að ekki sé um galla á tækinu að ræða í skilningi laga nr. 48/2003 um neytendakaup, enda verður vart séð að um það sé deilt í málinu. Þvert á móti er ágreiningur aðila um þá tryggingu sem álitsbeiðandi keypti og hvort hún eigi að bæta tjónið að fullu. Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur ekki lögformlega heimild til að gefa álit sitt á slíkum ágreiningi milli aðila. Nefndin fjallar einungis um og gefur álit sitt á réttindum og skyldum samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003. Þegar af þeim ástæðum ber nefndinni að vísa álitsbeiðni þessari frá nefndinni. Með framangreindum rökum og með vísan til 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa, er álitsbeiðninni vísað frá kærunefndinni.

Kærufndin bendir á að mögulegt sé að málið eigi undir úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum, sem vísuð er hjá Fjármálaeftirlitinu.

IV

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir